



29 hugmyndir til að spyrja hvernig var í skólanum í dag -án þess beinlínis að spyrja að því

1. Hvað gerðir þú í frímínútum í dag? Við hvern talaðir þú / við hvern lékstu/ hvaða leiki fóruð þið í ?
2. Hvað voruð þið að gera í íþróttum í dag, stærðfræði, myndlist, heimilisfræði, vali....
3. Um hvað voruð þið krakkarnir að tala í matartímanum í dag?
4. Hvernig sýndir þú að þú ert góður vinur í dag?
5. Ef þú hefur verið kennarinn í dag, hvernig hefðiru þá kennt það sem þið voruð að læra í ensku/íslensku/dönsku?
6. Ertu eitthvað að vinna í tölvu í skólanum þessa dagana?
7. Hvað eruð þið að læra í þessa dagana?
8. Hefur þú unnið með einhverjum að einhverju verkefni í vikunni?
9. Á hverju varðst þú hissa í dag?
10. Hefuru verið að lesa eitthvað fyrir bekkinn eða útskýrt eitthvað fyrir öðrum í skólanum síðustu daga?
11. Sagði einhver eitthvað fyndið og skemmtilegt í dag? Hvað sagðir þú fyndið og skemmtilegt í dag?
12. Hvað var það venjulegasta sem gerðist í dag?
13. Í hverju hefur þú aðallega verið að æfa þig í skólanum upp á síðkastið?
14. Hjálpaðir þú einhverjum í dag? Þurftir þú einhverja aðstoð í dag?
15. Hvað var auðveldast í dag? Hvað var erfiðast í dag / í vikunni?
16. Segðu mér frá deginum þínum/stærðfræðitímanum/frímínútum í dag eins og þú værir að segja frá kvikmynd/þætti?
17. Ef skóladagarnir þínir/ lífið þitt væru þættir, hvað myndir þú láta þættina heita? Hver væri aðalpersónan? Um hvað myndu þættirnir fjalla í raun og veru? Hvað myndi koma fyrir persónurnar í framtíðinni? Hvernig var fortíð persónanna?
18. Ef þú ættir að velja lag sem passar við daginn í dag, hvaða lag myndi það vera?
19. Hvernig ertu að nýta hæfileikana þína þessa dagana?
20. Hvernig er stærðfræði/samfélagsfræði/myndlist á litin?
21. Segðu mér frá einhverju sem þú ert að lesa/varst að lesa nýverið.
22. Segðu mér frá einhverju sem kennarinn var að kenna í dag.
23. Ef þú værir ósýnilegur í skólanum einn dag, hvað myndir þú þá gera?
24. Ef geimskip kæmi yfir Seyðisfjörð, hvað myndi gerast í skólanum? Hvern myndu geimverurnar nema á brott með sér ? Í hvaða tíma myndir þú ráðleggja þeim að fara?
25. Ef þú værir forseti Íslands hverjum myndirú veita fálkaorðuna í skólanum? Af hverju/fyrir hvað?
26. Ef skólinn væri Hogwart skólinn hver myndi fá hvaða hlutverk?
27. Ef þú ættir töfrasprotu og gætir breytt einhverju í skólanum með því að veifa honum, hverju myndir þú breyta?
28. Hvaða lög spilar skólabbjallan þessa dagana? Hvað er síðasta/fyrsta síðasta lagið í skólabbjöllunni?

Stundum er reyndar gott að byrja á því að segja barninu sínu frá einhverju sem maður var að gera sjálfur í vinnunni þann daginn, eða hvernig vinnudagurinn var hjá manni sjálfum til að til verði nú samtal og spyrja svo: Hvað varst þú að gera í dag?